

XJ Fundargerð 20. jan 2024

Mættir: Jökull, Kári Jónsson, Margrét Pétursson, Karl, Sara, Gunnar Smári, Guðmundur Auðunsson.

Katrín Baldursdóttir hefur sagt sig úr framkvæmdastjórn vegna anna.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Fjárhagsstaða flokkssins.

Rétt tæp 600 þús á landsbanka, 1,5m á sparisjóðnum.

Búið að skila inn gögnum fyrir ársreikning 2023. Reykjavíkurborg greidd í nóv, 2m til okkar. Seinni greiðsla upp á 24m frá ríkinu að detta inn. Erum að reyna að skipta út Rapyd greiðslumiðlun sem tengist Ísrael.

Gunnar leigusali sendi póst í gær og vill tengilið vegna framkvæmda á húsinu. Frestast aðeins útaf frostaveðrum.

GSE: Passa að framkvæmdirnar séu í flútti við 16. mars. Sara: Framkvæmdirnar verða ekki fyrr en í Apríl.

Vefsíðan

Ný vefsíða sem leysir Wordpress síðuna af hólmi. Planið að nota Áskel áskriftarkerfið á nýjum vef. Góður gangur á verkinu, planið er ennþá að kynna nýjan vef sem tekur við Wordpress vef á Sósíalistapinginu.

Google: Tillaga Jökuls að fækka pósthólfum samþykkt.

Vorstjarnan

GSE: Mjög áriðandi að stofnuð verði kennitala og rekstur fyrir húsið, í nafni Vorstjörnunnar. Geta leigt áfram til annara aðila og séð um skipulagið. Samþykkt að formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari taki Vorstjörnuna áfram, stofni félag fyrir hönd Vorstjörnunnar í kringum Alþýðuhúsið og rekstur þess, Sara verði áfram gjaldkeri. Stærra markmið að forma Vorstjörnuna, boða til fundar og ýta því verkefni áfram.

Sósíalistapingið

Skipulag gengur vel. Stefnt að aðalviðburði 16. mars, en Rauðum dögum í kringum það fyrir enn fleiri viðburði. Chris Smalls er staðfestur fyrirlesari, flug og gisting bókuð fyrir hann.

Framkvæmdir

Hrappur smiður býður 230 þús kr fyrir að byggja svið með efni og verklið. Tilboð samþykkt.